

Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

Húsavík 17. des. 2012

Mættir 13.30: Sigurjón Benediktsson Norðurþingi, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Böðvar Pétursson Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirssdóttir frá Þingeyjarsveit, Jóhann Björgvinsson frá samtökum útivistarféлага og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð. Gestir fundarins undir fyrsta dagskrárlið voru Einar E. Sæmundsen og Óskar Örn Gunnarsson frá Landmótun.

DAGSKRÁ:

1. Deiliskipulag Dettifossvegur, Einar Sæmundsen kynnis.
2. Breytingar á verndaráætlun.
3. Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs, kynning.
4. Hápunktar sumarsins. Hjörleifur.
5. Ársfundur og næstu fundir á svæðisráði.
6. Önnur mál.

Böðvar bauð Sigurjón og Jóhann velkomna á þeirra fyrsta fund með svæðisráði, en svo var haldið í dagskrá fundarins:

1. **Einar kynnti drög að deiliskipulagsáætlun fyrir Dettifossveg.** Hann fór m.a. yfir lagaramma, yfirlitsupprætti, mörk skipulagsins, námur og skeringar, reiðleiðir og gönguleiðir. Óskar kynnti svo umhverfisskýrslu áætlunarinnar. Nokkur umræða var um Langavatnshöfða og Vesturdal og voru fundarmenn sammála Böðvari um að „hlið“ sem sýnt var á upprætti ætti ekki heima í deiliskipulagi heldur væri það seinni tíma framkvæmdaatriði, ef ástæða þykir til. Menn voru sammála um að með tilliti til reiðleiða ætti að ganga þannig frá gamla vegi að komið yrði í veg fyrir rof og köntum ýtt niður án þess þó að reynt yrði að afmá veginn Sigprúður Stella benti á að sérstaka aðgát skyldi hafa þar sem skeringar eða námur liggja nálægt flóðafarvegum því mikill aur gæti flætt niður í Svínadal og Vesturdal ef framkvæmt væri á flóðatíma. Einar ítrekaði að athugasemdum og ábendingum um stórt og smátt mætti senda honum.
2. **Breytingar á verndaráætlun.** Til grundvallar umræðunni lágu fyrir drög að nýrri verndaráætlun með gulmerktum breytingum. Hér á eftir er vísað í línunúmer draganna. Varðandi veg niður í Svartárbotna þarf að laga texta. Hann verði í vinstri dálki; *Vegur af F910 að Svartárbotnum og fossinum Skínanda*, og í hægri dálki; *Tvö bílastæði verði, annað stuttan gönguspöl frá Svartárbotnum og hitt stutt frá Skínanda*.
Lína 2326, breyta í fleirtölu, verði *Brýr*.
Lína 2327, heitir ekki Stallá fyrr en neðar heldur *Brandsgilslækur*.
Lína 2330, heitir ekki Jökulsá heldur *Víðralækur*.

Línur 2328 og 2329. Brýr yfir Jökulsá við Kallbjörg og Katla skulu teknar út og settar undir nýjan haus: *Mögulegar göngubrýr til skoðunar með heimamönnum og hagsmunaaðilum ásamt fleiri kostum.*

Einnig þarf að bæta við Melbugsa í Hólmatungum í upptalninguna á göngubrúum.

Sigurjón tók það fram að hann hefði fjöldamargar athugasemdir við verndaráætlunina eins og hún lægi fyrir þótt á þessum fundi væri ekki tækifæri til að ræða þær því aðeins var fjallað um ákveðnar tillögur að breytingum á henni. Áskildi hann sér rétt til að koma með almennar athugasemdir.

- 3. Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs, kynning.** Böðvar kynnti atvinnustefnu stuttlega, eins og hún liggur fyrir í upphafsdrögum frá Alta. Frekari umræða bíður.

Frekari umræðu um dagskrárliði frestað.

Böðvar lagði til að næsti fundur verði 22. janúar 2013. Svæðráðsfólk svari því á næstu dögum hvort það geti mætt þá.

Ákveðið var að ársfundur Norðursvæðis verði í apríl eftir páska. Fundarmenn beðnir að leggja höfuðið í bleyti varðandi þema ársfundar.